

Alþingi  
Erindi nr. P 138/83  
komudagur 9.11.2009

**From:** Jón Gíslason [mailto:jon.gislason@mast.is]  
**Sent:** 9. nóvember 2009 15:04  
**To:** Gautur Sturluson  
**Cc:** baldur.p.erlingsson@slr.stjr.is  
**Subject:** RE: beiðni um álit

Sæll Gautur,

Vegna athugasemda frá fyrirtækinu Hvaiur hf. varðandi matvælafrumvarpið er rétt að nefna eftirfarandi.

1. Athugasemd vegna 12. gr. Reglugerðar (EB) nr. 178/2002 um matvælaöryggi og EFSA.

Ákvæði EES-samningsins ná ekki yfir viðskipti EFTA ríkja við þriðju ríki. Af þeim ástæðum var í sameiginlegri ákvörðun (JCD) nr. 134/2007 settur inn nýr texti fyrir EFTA-ríkin sem kemur í stað ákvæða 12. gr. Reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Þennan texta finnur þú í Annex við JCD 134/2007, undir 1) lið, pkt. 13, (d) lið. Þar við bætist að með JCD 134/2007 fylgdi sérstök DECLARATION um 12. gr. í 178/2002. Af þessum ástæðum er ekki þörf á að taka upp efnisákvæði 12. gr. Reglugerðar (EB) nr. 178/2002 þar sem þau víkja fyrir nýjum ákvæðum í JCD 134/2007, sem taka gildi þegar 178/2002 verður lögfest hér á landi í framhaldi af samþykkt matvælafrumvarpsins. Því er, með vísan til EES-samningsins, í raun rangt að taka undir þessa athugasemd frá fyrirtækinu Hvalur hf.

2. Tillaga um nýtingu dýrapróteins úr sjávarspendýrum í fóður fyrir búfé og eldisfisk. Þessi tillaga gengur heldur ekki nema samið verði að nýju. Í sameiginlegri ákvörðun (JCD) nr. 133/2007, sem er viðauka I breyting við EES-samninginn, kemur fram í aðfararorðum (nr. (7)) og undir 25. tl., pkt. 2 í viðaukanum með ákvörðuninni, að undanþága Íslands til að fódra jörturdýr með dýrapróteini gildir aðeins fyrir fiskimjöl. Hún nær því ekki yfir sjávarspendýr. Þá má einnig geta þess að reglugerð nr. 105/1994, sem vísað er til í erindi frá fyrirtækinu Hvalur hf., hefur þegar verið felld úr gildi. Við getum ekki einhliða ákveðið að útvíkka undanþágu okkar til að fódra búfé með dýrapróteini og af þeim ástæðum er ekki hægt að verða við þessari tillögu. (Einhverjar efasemdir munu einnig vera uppi um fóðurgildi dýrapróteins úr sjávarafurðum fyrir búfé). Dýraprótein úr hvalaafurðum má hins vegar nota í fóður fyrir dýr sem ekki eru alin til manneldis, að uppfylltum kröfum sem gilda um slíkt fóður.

*Bestu kveðjur, / Best regards,*

**Jón Gíslason**

*Forstjóri/ Director General*



*Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority*

*Austurvegi 64 - 800 Selfoss - Iceland*

*Sími/tel: (+354) 530 4800 - Fax : (+354) 530 4801 - [www.mast.is](http://www.mast.is)*

---